

Ed.

623. Frumvarp til laga

[286. mál]

um iðnaðarmálagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Leggja skal 0.1% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnrekstur í landinu, sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 68 10. október 1967. Skal gjaldstofn þess vera hinn sami og iðnlánasjóðsgjaldsins samkv. ákvæðum þessum. Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki í einkaeign opinberra aðila, svo og fyrirtæki, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.

Iðnaðarmálagjald skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjaldldagi skal vera hinn 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

Iðnaðarmálagjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts, svo og tekjuútsvars, ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við útsöluverð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

2. gr.

Tekjum af iðnaðarmálagjaldi skal þannig varið:

1. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds Sambands ísl. samvinnufélaga og kaupfélaga innan þess, skal renna til starfsemi í þágu iðnaðar samvinnufélaganna eftir nánari ákvörðun stjórnar sambandsins.
2. Eftirstöðvar iðnaðarmálagjaldsins skiptast að jöfnu milli Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem hvort um sig ráðstafar sínum hluta til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu.

Aðilar þeir, sem iðnaðarmálagjaldið rennur til samkv. framansögðu, skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald árið 1975 á gjaldstofn ársins 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er flutt að tilmælum Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga. Af hálfu þessara aðilja fylgir frumvarpinu svohljóðandi greinargerð:

„Heildarsamtök iðnaðarins í landinu, Félag íslenskra iðnrekenda og Landsamband iðnaðarmanna, hafa nú, ásamt Sambandi íslenskra samvinnufélaga, verið

leiðandi aðilar í iðnþróun hér á landi um meira en fjögurra áratuga skeið. Á þessu tímabili hefur iðnaðurinn vaxið mjög verulega og er nú svo komið, að um það bil þriðjungur þjóðarinnar starfar við iðnað, þ. e. framleiðslu þjónustu- og byggingariðnað.

Á undanförunum árum hafa innlendir sérfræðingar unnið að athugunum á einstökum iðngreinum og áætlanagerð fyrir alhliða iðnþróun í landinu. Í fjölmörgum skýrslum, sem þessir aðilar hafa unnið, svo og í mannfjöldaskýrslum og spám um dreifingu vinnuafis á komandi árum, hefur glögglega komið í ljós, að á næstu árum mun þurfa að verða meiri vöxtur í iðnaðinum en nokkru sinni fyrr. Auk þess sem iðnaðurinn þarf að taka við meginhluta þess vinnuafis, sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu árum, þarf framleiðni hans að stórukast, til þess að hann geti haldið velli í siharðnandi samkeppni. Sérfræðingar þeir, sem unnið hafa að áætlanagerð fyrir iðnaðinn, hafa lagt áherslu á nauðsyn markvissrar stefnumótunar af hálfu opinberra aðila annars vegar, og bent á að gera þurfi ákveðnar kröfur til einstakra iðnfyrirtækja hinsvegar. Hvorttveggja gerir brýnar kröfur til heildarsamtaka iðnaðarins.

Um það þarf ekki að fara mörgum orðum, hve mikill léttir er fyrir opinbera aðila að geta snúið sér til fárra en öflugra aðila, sem eru fulltrúar margra smærri, bæði þegar um er að ræða mótun og framkvæmd einstakra stefnumála. Hvað þetta varðar geta heildarsamtök atvinnuvega komið opinberum aðilum að mjög góðu haldi, sé rétt að farið. Heildarsamtök iðnaðarins hafa verið sá aðili, sem hið opinbera hefur getað snúið sér til í þessum efnum.

Nauðsynlegt er, að iðnaðurinn sjálfur eigi sem ríkastan þátt í að móta stefnuna í málefnum sínum og um leið þarf hann að meira eða minna leyti að vera fær um að framfylgja þeirri stefnu, sem mótuð er á hverjum tíma. Þetta á einkum við um innri mál iðnaðarins, svo sem þróun skipulagsbyggingar einstakra iðngreina, framleiðniaukandi aðgerðir hjá iðnfyrirtækjum, sameiginlegar aðgerðir í sölu- og markaðsmálum, þjálfun og menntun starfsfólks og fleira. Allt eru þetta verkefni, sem heildarsamtök iðnaðarins þurfa að vinna að, og hafa raunar gert, en ekki getað sinnt eins og þau hefðu viljað.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að ef starfsemi heildarsamtakanna, sem miðar að því að framfylgja þeirri iðnaðarstefnu, sem mótuð er á hverjum tíma, er nægilega öflug, er hægt að gera meiri kröfur til einstakra iðnfyrirtækja, sem eru aðilar að heildarsamtökunum. Ef t. d. heildarsamtökin hafa ákveðna getu til þess að sinna framleiðniaukandi aðgerðum hjá iðnfyrirtækjum, þjálfun og menntun starfsfólks o. fl., verður afleiðingin sú, að hægt yrði að gera mun meiri kröfur til fyrirtækjanna sjálfra en sanngjarnt er að gera sem stendur. Engum blandast hugur um, að tæplega er hægt að gera verulegar kröfur um það, eins og nú standa sakir, að fyrirtækin séu undir það búin að gera þær breytingar á rekstri, sem nauðsynlegar eru til að æskilegum árangri verði náð í iðnþróuninni, þrátt fyrir góðan vilja. Talsvert hefur verið unnið að því að aðstoða þau á þessu sviði að undanförunu með góðri aðstoð Iðnþróunarsjóðs og hins opinbera. Þetta hefur verið gert í samráði við heildarsamtökin, en þau hafa ekki haft þeim mannafla og því fé á að skipa, sem nauðsynlegt er til þess að geta tekið nægilega mikinn þátt í þessari starfsemi. Ef vel á að vera þyrfti að koma á fót öflugri ráðgjafarstarfsemi á vegum samtakanna, og má öllum vera ljóst hve mikið ynnist við slíkt.

Til þess að mæta þeirri þróun, sem óhjákvæmileg er, og til þess að hafa æskileg áhrif á þá þróun, verða heildarsamtök iðnaðarins að vera virk og leiðandi í mótun og framkvæmd iðnaðarstefnunnar. Ef samtökin eiga að geta komið til móts við þessar auknu kröfur þurfa þau að hafa fjármagn til þess að geta haft í sinni þjónustu nauðsynlegt starfslið til að sinna þeim verkefnum, sem úrlausnar krefjast. Ennfremur þurfa þau aukið fjármagn til margskonar útgáfu-, fræðslu-, kynningar- og rannsóknarstarfsemi.

Núverandi megintekjustofnar iðnaðarsamtakanna eru félagsgjöld. Slikri tekjuöflunaraðferð eru nokkur takmörk sett, þar sem há félagsgjöld geta fælt þá frá samtökunum, sem þar eiga að réttu lagi heima. Hins vegar virðist eðlilegt að afla þess fjár, sem iðnaðarsamtökin þurfa til starfsemi sinnar, hjá þeim, sem iðnrekstur stunda og njóta á heinan og óbeinan hátt góðs af starfsemi samtakanna.

Með lagafrumvarpi þessu er gerð tillaga um, að lagt verði á allan iðnað í landinu, sem greiðir iðnlánasjóðsgjald, sérstakt gjald, er renni til heildarsamtaka iðnaðarins. Gjald þetta verði 0.1% og lagt á sama stofn og iðnlánasjóðsgjaldið. Miðað við innheimt iðnlánasjóðsgjald hefðu tekjur af slíku gjaldi numið um 12.9 millj. króna árið 1972, en 13.6 millj. króna árið 1973 og um 18.2 millj. króna árið 1974.

Skattlagning af þessu eða svipuðu tagi á sér fordæmi frá öðrum atvinnugreinum. Má t. d. benda á, að samkv. lögum nr. 38 15. febr. 1945 er greitt sérstakt gjald af söluvörum landbúnaðarins, er rennur í búnaðarmálasjóð, en tekjur sjóðsins skiptast síðan að jöfnu á milli Stéttarsambands bænda annars vegar og búnaðarsambandanna hins vegar. Ennfremur rennur hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum til samtaka útvegsmanna og sjómanna, sbr. lög nr. 4 28. febr. 1966 og síðari breytingar á þeim.

Langflestir þeir, sem iðnrekstur stunda, eru aðilar að þeim félagssamtökum iðnaðarins, sem fá eiga tekjur af iðnaðarmálagjaldinu til starfsemi sinnar, og þau eru öllum opin, sem iðnað stunda. Þeir, sem nú standa utan samtakanna, geta því gerst heinir aðilar að þeim, og á þann hátt haft áhrif á starf þeirra.

Þá má benda á, að iðnfyrirtæki og aðilar, sem hafa með höndum sjálfstæðan iðnrekstur, annast innheimtu á margvíslegum gjöldum fyrir opinbera aðila, bæði af starfsfólki sínu og neytendum. Þessi skattheimta, sem þeir inna af hendi og eru ábyrgir fyrir, skiptir milljörðum króna á ári og kemur engin þóknun fyrir. Það sýnist því ekki óeðlilegt, að ríkisvaldið taki að sér að innheimta fyrir samtök þessara aðila gjald, sem er aðeins lítið brot af því, sem þeir innheimta fyrir ríkið.

Með tekjustofni þessum ætti að vera skapaður fjárhagslegur grundvöllur fyrir virkari þátttöku samtaka iðnaðarins í mótun iðnþróunarinnar í framtíðinni.

Með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem að framan eru rakin, telur ríkisstjórnin eðlilegt að bera málið upp á Alþingi í því formi, sem hér liggur fyrir.

Um einstakar greinar frumvarpsins fylgja eftirfarandi skýringar:

Um 1. gr.

Lagt er til, að lagt verði sérstakt gjald á iðnaðinn í landinu, er renni til heildarsamtaka iðnaðarins, og er kveðið á um ráðstöfun þess í 2. gr. frv.

Með orðinu „iðnrekstur“ í 1. málsg. er átt við bæði framleiðsluiðnað, þjónustuiðnað og byggingariðnað, en samkvæmt hefð er ekki til þess ætlast, að fiskiðnaður verði þar meðtalinn. Er þetta síðasttalda nánar tryggt með tilvísun málsgreinarinnar í lögum um iðnlánasjóð, en þar er beinlínis svo á kveðið, að nokkrar greinar framleiðsluiðnaðar séu undanþegar greiðslu iðnlánasjóðsgjalds, þ. e. allur kjótiðnaður, mjólkuriðnaður og fiskiðnaður. Þessar iðngreinar yrðu einnig undanþegar iðnaðarmálagjaldi.

Auk þess er gert ráð fyrir því í frv., að iðnfyrirtæki í einkaeign opinberra aðila verði undanþegin iðnaðarmálagjaldinu. Raunar eru þau það flest þegar af þeirri ástæðu, að þau greiða landsútsvar, en ekki aðstöðugjald, og eru þannig undanþegin iðnlánasjóðsgjaldi, sem fylgir hinu síðarnefnda. Þetta gildir þó ekki um Landssmiðjuna og Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, sem háðar greiða nú aðstöðugjald jafnframt landsútsvari, og þá einnig iðnlánasjóðsgjaldið.

Með fyrirtækjum í einkaeign opinberra aðila er í frv. átt við öll fyrirtæki, sem eru í einkaeign ríkisins eða ríkisfyrirtækja, svo og fyrirtæki, sem eru í einkaeign sveitarfélaga, eins eða fleiri, eða í sameign þessara aðila. Úr þessum hópi má t. d.

nefna Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, auk framan-greindra dæma, en þær mundu báðar verða undanþegnar gjaldinu eins og nú stendur á, þar sem þær greiða aðeins landsútsvar, sbr. framanritað.

Eðlilegt þykir, að umrædd undanþága frá gjaldinu nái einnig til fyrirtækja, sem stofnuð eru með sérstökum lögum til að vera eign ríkisins að verulegu leyti. Af þessu tagi eru t. d. Þörungavinnslan hf. og Kísiliðjan hf. Raunar mundi gjaldið ekki falla á hina síðarnefndu, þar sem hún greiðir sérstakan tekjuskatt í stað að-stöðugjalds, iðnlánasjóðsgjalds og annarra beinna skatta.

Ákvæði greinarinnar um gjalddaga og frádráttarhæfni gjaldsins sem reksturs-kostnaðar eru hliðstæð ákvæðum í lögum um iðnlánasjóðsgjald. Verður iðnaðar-málagjaldið yfirleitt hliðstætt iðnlánasjóðsgjaldinu, en það er nú 0.5% af sama stofni.

Þá eru í greininni ákvæði þess efnis, að óheimilt verði að leggja iðnaðarmála-gjaldið við útsöluverð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja, þar sem ætlast er til, að iðnaðurinn taki gjald þetta á sig sjálfur.

Um 2. gr.

Til þess er ætlast, að tekjum af iðnaðarmálagjaldinu verði varið til þess að efla íslenskan iðnað og vinna að jákvæðri iðnþróun í landinu. Eðlilegt þykir, að S.Í.S. fái til ráðstöfunar þann hluta gjaldsins, sem greiddur er vegna iðnrekstrar Sambandsins og kaupfélaga innan vébanda þess, en að öðru leyti skiptist það til helminga milli heildarsamtaka iðnaðarins, Félags íslenskra iðnrekenda og Lands-sambands iðnaðarmanna.

Starfsemi samtaka iðnaðarins hefur að höfuðmarkmiði eflingu iðnaðarins og mótun almennrar iðnaðarstefnu, er stuðli að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun. Nauðsynlegt er að auka starfsemi samtakanna verulega, t. d. á sviði alhliða kynn-ingar- og útbreiðslustarfsemi, sviði hagrannsókna, útgáfustarfsemi o. fl. Enn-fremur þurfa samtökin að hafa boðmagn til að taka virkan þátt í aðgerðum, er miða að jákvæðum breytingum á skipulagsbyggingu einstakra iðngreina, fram-leiðniaukandi aðgerðum í einstökum iðngreinum eða iðnfyrirtækjum, sölu- og út-flutningseflandi aðgerðum og loks í fræðslu og þjálfun starfsfólks og stjórnenda iðnfyrirtækja.

Í greininni er ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að opinberum aðilum verði jafnan gerð eðlileg grein fyrir ráðstöfun iðnaðarmálagjaldsins.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.